

## 16. fundur skólanefndar MK

<b>Mættir:</b>	Flosi Eiríksson, Finnur Beck, Kolbeinn Óttarsson Proppé, Margrét Friðriksdóttir skólameistari, Þóra Elfa Björnsson og Andrés Pétursson.
<b>Forfallaðir:</b>	Hilma Friðriksdóttir fulltrúi nemenda boðaði forföll. Ekki náðist í Jóhann Ísak Pétursson fulltrúa kennara.
<b>Staður:</b>	Skrifstofa MK
<b>Tími:</b>	Kl. 12:00-13:10
<b>Dags.:</b>	30. desember 2015

Nr.	Atriði	Ábyrgð	Tími
	Flosi Eiríksson formaður setti fundinn. Baðst forláts hve fundurinn hefði verið boðaður með stuttum fyrirvara. En það hefði verið mat formanns og skólameistara að nauðsynlegt væri að nefndin kæmi saman fyrir áramót.	FE	
1.	<b>Staða fjármála</b>	MF	70 mín
	Skólameistari lagði fram rekstraráætlun og greinargerð með henni fyrir árið 2016. Í máli skólameistara kom fram að þetta sé versta staða skólans á 22 ára tíma hennar í starfi. Þrátt fyrir að skólinn hafi fengið um 40 milljónir til að mæta hluta af kostnaði vegna launahækkana stefnir samt		

í um 60 milljón króna halla á árinu 2015. Ýmsar ástæður liggja þar að baki m.a. að fleiri nemendur hafa fengið kennslu en fjárlög gerðu ráð fyrir, dýrar og fámennar iðngreinar og launahækkanir. Í greinargerð leggur skólameistari fram mögulegar leiðir til sparnaðar:

- Fækka þarf ársnemunum í skólanum fyrir árið 2016 um 65
- Lækka þarf launalið um 27 milljónir með uppsögnum á starfsfólki
- Leggja verður niður fámennustu/dýrustu deildir skólans
- Ekki er tryggt að hægt sé að endurnýja tæki í verklegum stofum sem dæmd eru ónýtt

Umræða um þessa alvarlegu stöðu. Skólaneftnd styður samhljóða tillögur skólameistara til sparnaðar. Einnig var samþykkt að skrifa bréf til menntamálaráðuneytisins um þessar ákvarðanir. Afrit verður sent hagsmunaaðilum.

Texti bréfsins var svohljóðandi:

Kópavogi, 30. desember 2015

Mennta- og menningarmálaráðuneyti  
Illuga Gunnarssyni ráðherra menntamála  
Sölvhólsgötu 4  
150 Reykjavík

Á fundi skólaneftndar Menntaskólans í Kópavogi í dag 30. desember gerði skólameistari grein fyrir því að enginn nemandi er skráður í kjötið á vorönn 2016 og í ljósi ónógra fjárheimilda skólans sé enginn kostur annar en að segja upp kennurum í þeirri grein.

Skólaneftnd samþykkti samhljóða að í ljósi ofangreindra staðreynda og fjárheimilda, mun MK ekki bjóða upp á nám í kjötið frá og með áramótum, þegar núgildandi skólasamningur fellur úr gildi.

	Flosi Eiríksson formaður skólanefndar  Afrít: Félag kjötiðnaðarmanna, Jón Karl Jónsson Matvís, Níels Olgeirsson Margrét Friðriksdóttir, skólameistari		
	Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:10		

Andrés Pétursson ritaði fundargerð

*Uppfært miðvikudagur, 19 október 2016 14:22*